

Leiðarvísir fyrir skiptiborð Símavistar

Efnisyfirlit	- 1 -
Yfirlit skiptiborðs.....	- 3 -
Skjáborðið	- 3 -
Tengiliðaflípar	- 3 -
Leit.....	- 3 -
Vöktun.....	- 3 -
Fyrirtæki	- 4 -
Sameiginleg	- 4 -
Einkasímaskrá.....	- 4 -
Skammval.....	- 5 -
Biðraðir.....	- 5 -
Outlook	- 5 -
Stjórnborð	- 5 -
Stillingar skiptiborðs	- 6 -
Stillingar	- 6 -
Almennt.....	- 6 -
Forrit.....	- 7 -
Þjónusta	- 7 -
Viðbætur	- 7 -
Skeytasendingar	- 7 -
Um.....	- 7 -
Notkun skiptiborðs skráð inn og fleira.....	- 8 -
Skriptiborð ræst.....	- 8 -
Útliti á skiptiborði breytt.....	- 9 -
Símtalabiðröð breytt	- 9 -
Símtalasaga	- 10 -
Hringt úr símtalasögu.....	- 10 -
Færslu eytt úr símtalasögu.....	- 10 -
Öllum færslum eytt	- 10 -
Unnið með símtöl	- 11 -
Hnappar	- 11 -

Tengiliðir	- 12 -
Stöðuljós	- 12 -
Minnisatriði skráð á tengilið	- 12 -
Tölvupóstur sendur á tengilið	- 12 -
Tengilið bætt við í einkasímaskrá.....	- 12 -
Tengilið eytt úr einkasímaskrá	- 12 -
Hringt úr skiptiborði.....	- 13 -
Í númer sem er annað en hjá tengilið	- 13 -
Í tengilið	- 13 -
Endurval	- 13 -
Símtali svarað.....	- 13 -
Símtali svarað fram fyrir önnur í biðröðinni.....	- 13 -
Símtali svarað fyrir tengilið	- 13 -
Símtal sett á bið	- 14 -
Símtal tekið af bið	- 14 -
Símtali svarað meðan annað símtal er á bið.....	- 14 -
Símtal flutt.....	- 14 -
Símtal flutt með færa og sleppa (drag and drop)	- 14 -
Símtal flutt án kynningar.....	- 14 -
Símtal flutt með kynningu.....	- 14 -
Símtal flutt á farsíma tengiliðs	- 15 -
Símtal flutt á síma sem er upptekinn	- 15 -
Símtal flutt á númer utan símstöðvar án kynningar	- 15 -
Símtal flutt á númer utan símstöðvar með kynningu	- 15 -
Víxlað milli aðila	- 16 -
Priggja manna tal - símafundur.....	- 16 -
Símafundur settur á með því að hringja út í fundaraðila.....	- 16 -
Símafundur settur á með því að einn hringir inn og svo hringt út í annan.....	- 16 -
Möguleikar meðan á fundi stendur	- 17 -

Yfirlit skiptiborðs

Í þessum kafla verður farið yfir útlit skiptiborðs, tákni útskýrð og stillingar skoðaðar.

Skjábörðið

Upplýsingar um núverandi símtal

Staða símtækis tengiliðs

Mismunandi tegundir tengiliðaskráa

Upplýsingar um biðraðir

Staða dagatals tengiliðs

Aðgerðir fyrir tengilið

Tengiliðaflipar

Leit


Í þessum flipa er gerð leit að tengiliðum. Þessi leit leitar í öllum tengiliðum sem eru í notkun hverju sinni.

1. Leitargluggi. Hér er slegið inn það nafn, eða hluta úr nafni sem leitað er að.
2. Ef hakað er í „Hefst á“ þá munu leitarniðurstöður bara koma með þau nöfn sem hefjast á þeim stöfum sem settir voru í leitargluggann. Ef ekki er hakað í þennan reit þá mun leitin koma með öll nöfn sem innihalda þessa stafi, hvar sem er í nafni.
3. Smelltu þarna til að hefja leit.
4. Hreinsar síðustu leitarniðurstöðu.


Vöktun

Vöktun er sett upp af kerfisstjóra. Einnig getur skiptiborðsnotandi sett tengiliði í vöktun í gegnum sinn kerfisaðgang. Eingöngu er hægt að setja tengiliði í vöktun sem eru hluti af símkerfinu. Tengiliðir sem eru utan símkerfis er ekki hægt að setja í vöktun. Þær

upplýsingar sem birtast í þessum flipa eru forritaðar í símkerfið og eingöngu kerfisstjóri getur breytt þeim.



1. Leitargluggi. Hér er slegið inn það nafn, eða hluta úr nafni sem leitað er að.
2. Ef hakað er í „Hefst á“ þá munu leitarniðurstöður bara koma með þau nöfn sem hefjast á þeim stöfum sem settir voru í leitargluggann. Ef ekki er hakað í þennan reit þá mun leitin koma með öll nöfn sem innihalda þessa stafi, hvar sem er í nafni.
3. Ef smellt er á örina mun gardína birtast með leitarmöguleikum. Hægt er að leita eftir fornafni, eftirnafni, númeri, stuttnúmeri, farsíma, deild eða athugasemd.
4. Með því að haka í „Flýtleit“ munu birtast hnappar með bókstöfum. Með því að smella á viðkomandi bókstaf mun kerfið leita að þeim bókstaf, fremst í því nafni sem valið er, þ.e fornafni, eftirnafni, númeri, stuttnúmeri, farsíma, deild eða athugasemd.



5. Hreinsar síðustu leitarniðurstöðu.
6. Dagatal tengiliðs. Þegar smellt er á tengilið þá kemur dagatal tengiliðs í ljós. ATH að dagatal sést eingöngu undir vöktunar flipanum. Ef ekkert dagatal kemur upp, hafðu þá samband við kerfisstjóra. Hægt er að fletta milli daga þannig að hægt er að sjá dagatal tengiliðs fram í tímann.
7. Staða tengiliðs. Dagatalið sýnir 10 klukkustundir í einu. Hægt er að fletta klukkustundum svo aðrir tímar dagsins sjást. Þegar tengiliður er upptekinn á fundi, þá verður stöðuljós tengiliðs rautt.

ATH. Hægt er að raða tengiliðum eftir fornafni, eftirnafni, símanúmeri, stuttnúmeri, farsímanúmeri eða deild með því að smella á viðkomandi dálk.

Fyrirtæki

Fyrirtækjaflipinn sýnir öll þau númer sem forrituð hafa verið í símstöðinni. Hvort sé um að ræða einstaklingsnúmer, hópanúmer eða önnur númer. Leit fer fram á sama hátt og í vöktun.

Sameiginleg.

Í símstöðina er hægt að setja inn sameiginlega tengiliðaskrá. Þessi skrá er hugsuð fyrir tengiliði sem allir hafa aðgang að. Einstaklingar sem og skiptiborð geta leitað í þessari skrá. Innsetning í tengiliðaskrána er framkvæmd af kerfisstjóra. Leit fer fram á sama hátt og í vöktun.

Einkasímaskrá.

Einkasímaskrá er eingöngu fyrir viðkomandi skiptiborðsnotanda. Enginn annar hefur aðgang að þessari tengiliðaskrá. Skiptiborðsnotandi getur sjálfur sett svo tengiliði inn í þessa skrá. Leit fer fram á sama hátt og í vöktun.

Skammval

Til að geta notað skammval þarf að vera með speed dial 8 leyfi í símstöðinni. Hafðu samband við Símann til að fá þetta leyfi á skiptiborðsnotandann þinn. Þegar sett er inn færsla í skammval er hægt að hringja í það númer sem er á bak við kóðann. Kóðinn er sleginn inn í valgluggann og smeltt á **Hringja** hnappinn.

Biðraðir


Listar upp allar þær biðraðir sem skiptiborðsnotandi er skráður í.

Outlook


Ef búið er að skrá skiptiborðsnotanda í Outlook leit þá er hægt að leita í þeim tengiliðum sem notandi hefur skráð í tengiliðaskrá sína í Outlook. Leit fer fram á sama hátt og í vöktun.

Stjórnborð

Stjórnborðið er notað til að svara símtölum og hringja.



1. Númeragluggi. Þarna er slegið inn það númer sem hringja á í. Þetta er ekki leitargluggi og ekki er hægt að leita að nöfnum þarna. Þennan glugga er líka hægt að nota til að senda símtöl.
2. Hreinsar númeraglugga.
3. Smelltu á þennan hnapp til að hringja.
4. Listar upp þau númer sem hringt hefur verið í.
5. Símtalasaga. Listar öll númer sem hefur verið svarað, tapað og hringt í.
6. Upplýsingar um númer sem er að hringja inn eða það númer sem er virkt eða það númer sem verið er að hringja í.



1. Nafn þeirrar biðraðar sem skiptiborðsnotandi er skráður í.
2. Fjöldi símtala á bið.
3. Fjarlægir biðröðina af listanum.
4. Stillingar fyrir biðröðina.

Stillingar skiptiborðs

Hægt er að stilla skiptiborðið á margan hátt, allt eftir þörfum hvers notanda fyrir sig. Hér verður farið í þær stillingar sem eru í boði. Ath. að það getur skipt máli hvaða tegund af vafra er notuð. Sumar stillingar virka ekki í öllum vöfrum.

[Stillingar](#) [Hjálp](#) [Allur skjárinn](#) [Útskráning](#)

Stillingar: Stillingar skiptiborðsins.

Hjálp: Opnar leiðarvísi fyrir skiptiborðið.

Allur skjárinn: Stillir myndina þannig að hún taki allan skjáinn.

Útskráning: Skráir notanda úr skiptiborðinu.

Stillingar

Almennt

Innskráning: Þarna er hægt að breyta lykilorði notanda skiptiborðsins.

Tungumál: Hægt er að velja um 8 mismunandi tungumál á skiptiborðinu.

Nauðsynlegt er að skrá notandi út og inn aftur til að breytingin taki gildi.

Sprettigluggi: Ef hakað er við „*Sjálfvirkur sprettigluggi við innhringingu*“ mun vafragluggi opnast í hvert sinn sem innhringing kemur. Sjálfvalinn vafri mun opnast. Slóðin sem er í rammanum mun verða notuð. Sjálfgefin er leit á ja.is en það er hægt að nota hvaða slóð sem er.

Dagsetningarsnið: Stilling á dagsetningarsniði.

Tímasnið: Stilling á tímasniði 12 eða 24 stunda.

Vinnuumhverfi: Vistar núverandi vinnuumhverfi. Í hvert sinn sem notandi skráir sig út mun notandi verða spurður hvort hann vilji vista vinnuumhverfi. Ef hakað er við

„Vista vinnuumhverfi við útskráningu“ mun þessi spurning ekki koma og vinnuumhverfið mun vistast sjálfvirkt.

Færa og sleppa: Þegar hakað er við þennan möguleika mun virkjast sá möguleiki að færa og sleppa til að senda símtöl (drag and drop).

Forrit

Biðraðalisti: Listi yfir þær biðraðir sem notandi er í. Algengast er að það sé bara ein biðröð. Notandi getur tekið sig úr biðröðum og skráð sig í þær á þessum stað.

Vinnureglur: Þarna er stillt hver staða skiptiborðsins eigi að vera eftir að notandi skráir sig inn. Hægt er að velja milli tiltækur og ekki tiltækur. Mælt er með því að nota tiltækur.

Þjónusta

Hægt er að framsenda allar hringingar sem koma í skiptiborðið i einhvern annan síma. Við það hringir skiptiborðið ekki og virkni borðsins verður óvirk. Smelltu á **Fastur flutningur**. Hakaðu í „Virkur“, sláðu númerð sem flytja á í í númerareitinn. Til að taka flutninginn af aftur er afhakað úr „Virkur“.

Viðbætur

Tilkynning: *Velja glugga við innhringingu.* Ef vafra glugginn er falinn þegar símtal kemur inn mun hann spretta fram fyrir þau forrit sem verið er að nota, sé hakað í þennan möguleika.

Birta tilkynningu vegna símtala. Ef hakað er í þennan möguleika mun lítill gluggi spretta upp þegar símtal kemur inn. Sá gluggi hefur ekki áhrif á þau forrit sem gætu verið í notkun þegar símtali kemur. Með því að smella á þennan glugga, þá svara þú símtalinu.

Microsoft: Þarna er hægt að slökkva og kveikja á samþættingu við Outlook. Þegar kveikt er á outlook samþættingu þá mun tengiliðaleitin leita í tengiliðakrá í Outlook.

LDAP: Hægt er að setja upp LDAP samþættingu, t.d til að leita inn í AD. Þetta er eitthvað sem kerfisstjóri gerir.

Flýtitákn: Byr til flýtitákn sem sett er svo á skjáborð tölvunnar. Flýtitáknið mun innihalda hlekk á síðu skiptiborðsins.

Skrá yfir notkun: Kveikir og slekkur á símtalasögu skiptiborðsins.

Skeytasendingar

Ef netfang tengilðs er skráð í símstöðina þá birtist hnappur við tengiliðinn sem á stendur „*tölvupóstur*“. Þegar smellt er á þennan hnapp, þá opnast sjálfgefið póstforrit og netfang viðkomandi er sett í viðtakanda reitinn. Einnig er hægt að nota sérsniðinn SMTP póst miðlara til að senda tölvupóst. Fáíð upplýsingar frá kerfistjóra hvernig þetta er gert, sé þess þörf.

Um

Upplýsingar um útgáfu skiptiborðsins.

Notkun skiptiborðs skráð inn og fleira

Það eru nokkur atriði sem vert er að hafa í huga þegar skiptiborðið er notað í fyrsta sinn og einnig við daglega notkun.

- Aðeins einn notandi getur verið skráður inn í hvert sinn á tölvunni. Ef tölvan sem er notuð er er almenningstölva og hver notandi er með sitt auðkenni inn á tölvuna, þá er gríðalega mikilvægt að notandi skrái sig út úr skiptiborðinu áður en næsti tekur við.
- Ekki er mælt með að nota tölvusíma með skiptiborðinu. Mælt er með því að nota borðsíma og þá helst Yealink síma.
- Ef outlook sambætting er notuð, þá þarf að kveikja fyrst á outlook áður en skiptiborðið er ræst upp.
- Passa skal að java sé ávalt í nýjustu útgáfu.
- Minnsta upplausn þarf að vera 1024 x 768 pixlar.

Skiptiborð ræst

Slóðin inn á skiptiborðsforritið er <http://simavist.siminn.is/receptionist>. Einnig er hægt að nota https. Þegar innskráningarglugginn birtist mun slóðin hafa breyst í xsp05 eða xsp06. Þegar slóðin er vistuð er því mikilvægt að fyrri slóðin sé notuð svo vafrinn geti valið þann þjón hjá Símanum sem er virkur hverju sinni. Algengast ástæða þess að notendur lendi í vandræðum við að tengjst er að reynt er að fara beint inn á xsp05 eða xsp06. Þegar slóðin hefur verið slegin inn þá birtist innskráningarglugginn




- Notendanafn er simanumer@simavist.is eða simanumer@fyrirtæki.toip.siminn.is
- Lykilorð notanda.
- Með því að haka þarna í mun skiptiborðið tengjast, skynji það nettengingu.
- Smelltu á þennan hnapp til að skrá inn í skiptiborðið.
- Birtir möguleika á að velja tungumál og fastsetja domain.
- Vistar slóð vefsíðunnar.


Útliti á skiptiborði breytt

Eftir að notandi hefur skráð sig inn er hægt að breyta útliti skiptiborðsins. Það kemur fljótlega í ljós hvaða möguleikar eru mest notaðir og því er jafnvel hægt að loka öðrum.


Á tengiliðaskjánum eru 9 flipar. Þeim er öllum hægt að loka nema leitinni. Enda er hún líka mest notuð. Flipar birtast í þeirri röð sem þeir eru valdir, leitin alltaf fremst. Ef þú vilt breyta þessari uppröðun er best að loka öllum flipum og opna þá svo í þeirri röð sem þú vilt hafa þá. Til að loka flipa, er smellt á x á flipanum.



Til að opna flipa er ýtt á örina sem er lengst til hægri og flipi valinn.



Alla glugga er hægt að stækka og minnka eftir vild. Mælt er með því að hafa símtalaupplýsingagluggann eins stóran og hægt er. Ef símtöl eru í geymslu og það er verið að vinna við önnur símtöl á meðan, þá þarf talsvert pláss til að sjá öll símtölin. Símafundarglugganum má sjálfsagt loka þar sem hann er lítið notaður. Glugganum er lokað með því að ýta á grænu örina



Símtöl í bið eru líka með svona græna ör. Ef biðraðaglugginn er lokaður, þá sést bara fjöldi símtala á bið, ekki þau símtöl sem eru að bíða. Biðraðaglugginn þarf að vera opinn svo hægt sé að velja það símtal sem á að svara næst, ef það er nauðsynlegt. Yfirleitt er það nú samt ekki gert, símtölum er bara svarað í röð.

Símtalabiðröð breytt

Í flestum tilfellum er gott að geta séð símtalabiðröðina. Stundum þarf það ekki. Í þeim tilfellum þar sem mikill fjöldi af innhringingum er yfir daginn er gott að geta séð hvað margir eru að bíða hverju sinni. Í einstaka undantekningartilfellum þarf svo að geta valið hvaða símtali á að svara næst. Hægt er að breyta sýn á þessum biðröðum og líka hægt að taka sig út úr biðröð og skrá sig inn í þær. Algengast er að það sé bara ein biðröð inn í fyrirtæki. Þó getur það verið að skiptiborðið sé að

Unnið með símtöl

Hér verður farið í það hvernig er unnið með símtöl, þeim svarað, þau geymd og þau send. Fyrst er farið í þá hnappa sem notaðir eru þegar unnið er með símtöl, möguleikar með tengilið og svo símtölin sjálf.

Hnappar

Hér verður lýst notkun á þeim hnöppum sem notaðir eru þegar unnið er með símtöl.

Hringja Þegar smellt er á þennan hnapp þá er hringt í símanúmer tengiliðs. Er einnig notaður þegar senda á símtal með kynningu.

GSM Hringir í farsíma tengiliðs.

Flytja Flytur símtal á símanúmer tengiliðs án kynningar.

Bíða eftir Ef sími tengiliðs er upptekinn (með rautt ljós) er hægt að senda símtal á símann. Símtalið mun þá bíða á síma tengiliðs þar til hann losnar eða símtalið kemur til baka á skiptiborð, renni tiltekinn tími út.

Tölvupóstur Opnar sjálfgefið tölvupóstforrit og skráir netfang tengiliðs í „To“ dálk tölvupósts.

Talhölf Sendir símtal beint í talhölf tengiliðs.


Svara Veiðir símtal sem er að hringja hjá tengilið eða til að svara innkomandi símtali.

Bið Setur símtal sem er í gangi í bið.

Enda Endar viðkomandi símtal, skellir á.

Athugasemd Til að skrá minnisatriði á tengilið.

Endurval Birtir lista yfir númer sem skiptiborðið hefur hringt í svo hægt sé að endurvelja númer.

 Hringir í það númer sem notandi hefur slegið inn í númeragluggann.

Sækja Sækir símtal af biðraðaskjá og setur upp á stjórnborð.

Fundur Til að tengja fund á þriggja manna tali.



Slítur skiptiborðið frá fundi. Hinir tveir aðilar geta samt talað saman áfram

Tengiliðir

Þegar smellt er á tengilið undir **Vöktun** flípanum þá sést staða tengiliðs á stöðuljósi, einnig sjást hnappar þar sem hægt að að hringja í tengilið og senda tölvupóst.

Stöðuljós



Sími tengiliðs er laus.






Sími tengiliðs upptekinn eða tengiliður upptekinn á fundi.



Sími tengiliðs hringir.

Minnisatriði skráð á tengilið

Ef tengiliður tilkynnir sig veikann, fer í frí eða bara hvað sem er sem þarf að muna varðandi tengilið, þá er hægt að skrá niður minnisatriði um tengiliðinn sem sést strax þegar tengiliður er skoðaður.



Smelltu á minnisatriðahnappinn . Þá opnast rammi sem hægt er að skrá minnisatriði í. Skráðu niður minnisatriðið og ýttu svo á  hnappinn. Ef þú vilt hætta að skrá minnisatriði, ýttu þá á  hnappinn.

Skilaboðin munu sjást við tengiliðinn þar til þú eyðir þeim út.



Tölvupóstur sendur á tengilið

Til að senda tölvupóst á tengilið, ýttu á tölvupóst hnappinn. Þá mun sjálfgefið tölvupóstforrit opnast og netfang tengiliðs mun skrifa í „To“ dálk tölvupóstsins.

Tengilið bætt við í einkasímaskrá




Smelltu á einkasímaskrá flípann. Ýttu á breyta hnappinn . Ýttu á  hnappinn. Sláðu inn nafn og símanúmer tengiliðs. Lokaðu glugganum.

Tengilið eytt úr einkasímaskrá


Smelltu á einkasímaskrá flípann. Ýttu á breyta hnappinn . Smelltu á þá færslu sem þú við eyða. Ýttu á  hnappinn. Lokaðu glugganum.

Hringt úr skiptiborði



Í númer sem er annað en hjá tengilið

Sláðu inn númer í númeragluggann  **Rita númer** og smelltu svo á hringihnappinn . Til að hreinsa númeragluggann, ýttu á hreinsahnappinn .

Í tengilið

Veldu þann tengilið sem hringja á i og veldu svo  hnappinn


Endurval

Smelltu á endurvalshnappinn . Þá mun birtast listi yfir þau númer sem hringt hafur verið í. Veldu rétt númer. Ýttu á  hnappinn og þá mun skiptiborðið hringja í númerið.



Símtali svarað

Þegar símtal kemur inn í skiptiborðið munu eftirfarandi upplýsingar birtast á stjórnborðinu um símtalið: Númer þess sem hringir inn, nafn hópsins eða simaversins sem símtalið kemur í gegnum, tíminn sem símtalið er búið að bíða.


Ef skiptiborðsnotandi er að svara fyrir fleira en eitt fyrirtæki eða fleiri en einn hóp, þá er gagnlegt að sjá nafn hópsins sem símtalið kemur í gegnum upp á að svara rétt við hverja innhringingu.

Til að svara símtali, ýttu á  hnappinn.

Símtali svarað fram fyrir önnur í biðröðinni

Hægt er að svara símtölum fram fyrir önnur í biðröð. Ef mörg símtöl bíða, þá sjást þau á biðraðaskjánum í þeirri röð sem þau komu inn. Til að svara símtali úr biðröð fram fyrir annað er smellt á það símtal á biðraðaskjánum og ýtt á  hnappinn. Símtalið fer núna á skjáborðið. Ýttu á  hnappinn til að svara símtalinu.

Símtali svarað fyrir tengilið

Hægt er að veiða símtal frá tengilið. Ef stöðuljós tengiliðs er gult, þá er sími viðkomandi að hringja. Smelltu á tengiliðinn. Til að veiða símtalið, ýttu á  hnappinn til að veiða símtalið til þín.

Ath. að einnig er hægt að toga aftur til skiptiborðsins símtöl sem flutt hafa verið á tengilið með þessum hætti.

Símtal sett á bið

Þegar símtal kemur inn í skiptiborðið, ýttu á **Svara** hnappinn til að svara símtalinu. Til að setja símtalið á bið, ýttu á **Bið** hnappinn. Símtalið er núna á bið en mun ekki fara af stjórnborðinu. Hægt er að svara öðrum símtölum á meðan símtalið er á bið.

Símtal tekið af bið

Til að taka símtal af bið, ýttu á **Svara** hnappinn.

Símtali svarað meðan annað símtal er á bið

Þar sem símtalið er á bið á stjórnborðinu, mun næsta símtal sem hringir inn, ekki koma upp á stjórnborðið, nema hringt sé beint í skiptiborðið (ekki í gegnum hóp eða símaver). Það mun hins vegar sjást á biðraðaskjánum. Til að sækja símtalið af biðraðaskjánum, ýttu á **Sækja** hnappinn. Símtalið sést núna á stjórnborðinu. Ýttu á **Svara** hnappinn til að svara símtalinu.

Símtal flutt

Það eru nokkrar aðferðir til að flytja símtal. Hægt er að flytja símtal með og án kynningar. Hægt er að flytja símtal á númer sem eru utan símstöðvar, jafnvel til útlanda. Hægt að er nota **færa** og **sleppa** til að flytja símtal (drag and drop) sé búið að virkja það (sjá [stillingar](#)). Þegar færa og sleppa möguleikinn er notaður, þá flyst símtalið án kynningar.

Símtal flutt með færa og sleppa (drag and drop)

Þegar símtal kemur inn, ýttu á **Svara** hnappinn til að svara símtalinu. Smelltu á símtalið með vinstri hnapp og haltu hnappnum niðri. Dragðu símtalið yfir þann tengilið sem flytja á símtalið til. Slepptu núna hnappnum og símtalið mun flytjast á viðkomandi tengilið.

Símtal flutt án kynningar

Þegar símtal kemur inn, ýttu á **Svara** hnappinn til að svara símtalinu. Finndu tengiliðinn sem senda á símtalið á. Smelltu á tengiliðinn. Ef stöðuljósíð er grænt þá getur þú sent símtalið án kynningar á tengiliðinn. Ýttu á **Flytja** hnappinn til að flytja símtalið án kynningar.

Símtal flutt með kynningu

Þegar símtal kemur inn, ýttu á **Svara** hnappinn til að svara símtalinu. Finndu tengiliðinn sem senda á símtalið á. Smelltu á tengiliðinn. Ýttu á **Hringja** hnappinn.

Símtalið mun færast yfir á stjórnborðið. Ýttu á **Svara**. Um leið fer að hringja hjá tengilið og símtalið sem kom inn fer í bið og mun **II** merki birtast við símtalið. Ef tengiliður samþykkir að taka símtalið, ýttu þá á **Flytja** hnappinn á innkomandi símtalinu til að flytja það á tengiliðinn.

Ef þú þarft að hætta við flutning, tengiliður vill ekki taka símtalið, ýttu á **Enda** hnappinn á tengilið og ýttu svo á **Svara** hnappinn á innkomandi símtalinu til að taka það af bið.

Símtal flutt á farsíma tengiliðs

Þegar símtal kemur inn, ýttu á **Svara** til að svara símtalinu. Finndu tengiliðinn sem senda á símtalið á. Smelltu á tengiliðinn. Ýttu á **GSM** hnappinn til að hringja í farsíma tengiliðs. Símtalið mun færast yfir á stjórnborðið. Ýttu á **Svara** hnappinn. Um leið fer að hringja í farsíma tengiliðs og símtalið sem kom inn fer í bið og mun **II** merki birtast við símtalið. Þegar svarað er í farsíma tengiliðs, kynntu símtalið. Ef tengiliður samþykkir að taka símtalið, ýttu þá á **Flytja** á innkomandi símtalinu til að flytja það á tengiliðinn.

Ef þú þarft að hætta við flutning, tengiliður vill ekki taka símtalið eða svarar ekki farsímanum eða símtalið fer í talhólf farsímans, ýttu á **Enda** á tengilið og ýttu svo á **Svara** hnappinn á innkomandi símtalinu til að taka það af bið.

Símtal flutt á síma sem er upptekinn

Þegar símtal kemur inn, ýttu á **Svara** hnappinn til að svara símtalinu. Finndu tengiliðinn sem senda á símtalið á. Smelltu á tengiliðinn. Ef stöðuljós tengiliðs er rautt, færðu þá músarbendilinn yfir stöðuljósið til að sjá hvort tengiliður sé upptekinn í símanum eða á fundi. Ef tengiliður er upptekinn í símanum, tilkynntu þeim sem hringir inn það og bjóddu viðkomandi að bíða. Ýttu á **Bíða eftir** hnappinn til að senda símtalið á upptekna símann. Ef símtalinu er ekki sinnt innan ákveðins tíma, þá mun símtalið hringja til baka og **Afturkallað** mun birtast við símtalið þegar það kemur inn á stjórnborðið svo þú sjáir hvaðan símtalið kemur.




Símtal flutt á númer utan símstöðvar án kynningar

Þegar talað er um númer utan símstöðvar, þá er átt við að flutt sé á númer sem ekki er til í tengiliðalista.

Þegar símtal kemur inn, ýttu á **Svara** hnappinn til að svara símtalinu. Númerið sem senda á í er slegið í númeragluggann **Rita númer** og svo er ýtt á **Flytja**.

Símtal flutt á númer utan símstöðvar með kynningu

Þegar talað er um númer utan símstöðvar, þá er átt við að flutt sé á númer sem ekki er til í tengiliðalista.

Þegar símtal kemur inn, ýttu á **Svara** hnappinn til að svara símtalinu. Númerið sem senda á í er slegið í númeragluggann  **Slá inn númer** og svo er ýtt á hringihnappinn . Símtalið mun færast yfir á stjórnborðið. Ýttu á **Svara** hnappinn. Um leið fer að hringja í númerið utan símstöðvar og símtalið sem kom inn fer í bið og mun  merki birtast við símtalið. Ef aðilinn sem hringt er í samþykkir að taka símtalið, ýttu þá á **Flytja** hnappinn á innkomandi símtalinu, til að flytja símtalið.

Ef þú þarft að hætta við flutning eða aðilinn vill ekki taka símtalið, ýttu á **Enda** hnappinn á símtalinu utan símstöðvar og ýttu svo á **Svara** hnappinn á innkomandi símtalinu til að taka það af bið.

Víxlað milli aðila



Þegar eitt símtal er á bið og annað í gangi, t.d þegar verið er að flyta símtal með kynningu, þá er hægt að víxla á milli þeirra aðila sem eru í sambandi við skiptiborðið. Þetta getur verið þægilegt þegar verið er að flytja símtal með kynningu og sá aðili sem á að fá símtalið þarf kannski frekari upplýsingar áður er hann ákveður að taka símtalið.

Víxlunin fer fram þannig að ýtt er á **Svara** hnappinn til skiptis. Skiptiborðið sér þá um að setja þessa aðila til skiptis í bið.

Þriggja manna tal - símafundur





Skiptiborðið býður upp á þriggja manna tal. Það skiptir ekki máli hvort um er að ræða innhringingar eða úthringingar.

Símafundur settur á með því að hringja út í fundaraðila


Sláðu inn fyrra númerið í númeragluggann  **Slá inn númer** og ýttu á hringja hnappinn . Bíddu þar til það er svarað. Tilkynntu fundinn og settu svo símtalið á bið með því að ýta á **Bið** hnappinn. Sláðu núna inn seinna númerið í númeragluggann og ýttu á hringja hnappinn. Ath. að símtalið færast í stjórnborðsluggann og þú þarft þá að ýta á **Svara** hnappinn. Þegar seinni aðilinn svarar, ýttu á **Fundur** hnappinn. Núna er komið á þriggja manna tal og fundurinn færast niður í símafundargluggann.



Símafundur settur á með því að einn hringir inn og svo hringt út í annan


Þegar símtal kemur inn, ýttu á **Svara** hnappinn til að svara símtalinu. Ef bæta á tengilið á fundinn, finndu þá tengiliðinn og ýttu á **Hringja** hnappinn. Símtalið mun færast yfir á stjórnborðið. Ýttu á **Svara** hnappinn. Þegar tengiliður svarar, kynntu þá fundinn og ýttu á **Fundur** hnappinn. Núna er komið á þriggja manna tal og fundurinn færast niður í símafundargluggann.

Ef aðilinn sem hringja á í er ekki í tengiliðaskrá, sláðu þá númer viðkomandi í númeragluggann  Slá inn númer og ýttu á hringja hnappinn . Ath. að simtalið færir í stjórnborðsgluggann og þú þarft á ýta á  hnappinn. Þegar seinni aðilinn svarar, ýttu á þá  hnappinn. Núna er komið á þriggja manna tal og fundurinn færir niður í símafundargluggann.

Möguleikar meðan á fundi stendur

Með því að ýta á  hnappinn, þá slítur þú fundinum og slítur öll símtölin.

Með því að ýta á  hnappinn, þá setur þú fundinn á bið. Hinir tveir aðilarnir geta samt talað sín á milli. Til að taka fundinn af bið, ýttu á  hnappinn.

Með því að ýta á  hnappinn, þá yfirgefur skiptiborðið fundinn og hinir tveir aðilarnir tengjast og geta haldið áfram að tala saman.